

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1029****2016/EES/57/40****frá 19. apríl 2016**

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíumforskaut í Hersch-rafhlöðum fyrir tiltekna súrefnisskynjara sem eru notaðir í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun kadmíums í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað. Kadmíum er fyrir hendi í forskautum Hersch-rafhlaðna sem eru notaðar í sértæka súrefnisskynjara með mikla næmni. Samanborið við skynjara með Hersch-rafhlöðum býður engin önnur, tiltæk tækni upp á sömu næmni, áreiðanleika og nákvæmni við mælingu á súrefnisstyrk við mjög lág gildi.
- 2) Áreiðanleiki annarra valkosta í stað Hersch-rafhlaðna, sem nota kadmíum í súrefnisskynjara í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, er ekki tryggður þegar krafist er næmni undir 10 milljónarhlutum. Notkun kadmíumforskauta í Hersch-rafhlaðum fyrir súrefnisskynjara, sem eru notaðir í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði þar sem krafist er næmni undir 10 milljónarhlutum, ætti því vera undanþegin banninu.
- 3) Þar eð engir kadmíumlausir valkostir eru sem stendur nægilega áreiðanlegir fyrir þessa sértæku notkun og að teknu tilliti til þess að að því er varðar vöktunar- og eftirlitstæki eru sjö ár tiltölulega stutt umbreytingartímabil sem ólíklegt er að hafi skaðleg áhrif á nýsköpun ætti að veita samsvarandi gildistíma fyrir undanþágu skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 168, 25.6.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútö. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—————
VIÐAUKI

Eftirfarandi 43. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„43) Kadmíumförskauf í Hersch-rafhliðum fyrir súrefnisskynjara sem eru notaðir í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði þar sem krafist er næmni undir 10 milljónarhlutum.

Fellur úr gildi 15. júlí 2023.“

—————